

***BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi - R19110392***

Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja af hverju þeir sem standa saman að byggðasamlögum vinni ekki saman að sorphirðu, skipulagningu og ákvörðunum? Sorpa er eitt af 4 byggðasamlögum og á Reykjavík stærsta hlutinn í því en hefur lítið vægi í stjórn. Svo virðist sem stjórnendur geti ekki komið sér saman um hvernig haga eigi málum. Nýlega komst tækniráð Sorpu að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasta leiðin fyrir sveitarfélög væri að íbúar settu plast í pokum í gráu tunnuna og að það yrði svo flokkað í Gufunesi með vélrænni flokkun. Keypt var vél, sem notar vind til að skilja plastið frá öðru sorpi. Hún kostaði rúmar fjörutíu milljónir króna. Var það metið af yfirverkfræðingi Sorpu að vindflokkunarvélin myndi borga sig ef öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nýttu hana. Það gera þau ekki. Reykjavík og Kópavogur nota aðrar aðferðir. Flokkur fólksins spyr hverju Reykjavík notar ekki vélin og hvort það var ekki vitað að Reykjavík ætlaði ekki að nota vélin áður en ráðist var í kaupin?

Það er alvarlegt og illa farið með fé borgarbúa ef þeir geta ekki nýtt rúmlega fjörutíu milljóna króna vélbúnað sem byggðasamlagið keypti til flokkunar á plasti. Reykvíkingar þurfa að leigja tunnu undir plast, fara með það í grenndargám eða á endurvinnslustöð í stað þess að njóta góðs af flokkunarvélinni. Er ekki tímabært að leggja niður þetta byggðasamlag?